



# Fréttabréf Naustaskóla

1. tölublað, 9. árgangur, 10. janúar 2017

Ábyrgðarmaður: Bryndís Björnsdóttir

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

## Útiföt



Mikilvægt er að börnin komi klædd eftir veðri—bæði til að vera úti í frímínútum og í útitímum. Einnig er mjög gott að þau hafi auka föt í töskunni, til þess að geta farið í þurr föt þegar þau koma blaut inn.



## Námsáætlanir á heimasíðunni.

Við minnum á að inni á heimsíðu Naustaskóla er að finna námsáætlanir fyrir flesta bekki skólans. Þannig geta foreldrar fylgst með áherslum í námi barna sinna og kynnt sér að hvaða markmiðum er verið að vinna hverju sinni og hvernig kennslan er skipulögð.

## Kæra skólasamfélag

Framundan er nýtt upphaf, spennandi tækifæri, skemmtilegar samverustundir og ár sem verður okkur gott, ég trúi því. Það verða brekkur að stíga, skaflar að klofa en saman tökumst við á við erfiðu verkefni, sem og þau auðveldu og góðu – við getum það með góðri samvinnu okkar allra, nemenda, foreldra og starfsfólks skólans.

Ég hef haft það að leiðarljósi í lífinu að vera jákvæð og horfa á styrkleika fólks í stað þess að velta mér upp úr erfiðleikum. Við í Naustaskóla skulum hafa jákvæðni og gleði að leiðarljósi á nýju ári, það er ótrúlegt hvað það gefur manni mikið - takk fyrir 2016 fögnum 2017.

Bryndís Björnsdóttir skólastjóri



## Símareglur Naustaskóla

Á starfsdeginum 3. janúar ræddum við starfsfólkið í Naustaskóla um ýmiss málafni varðandi reglur og umgengi í Naustaskóla – við erum alltaf að gera skólann okkar að betri skóla!

Eitt af því sem við ræddum um þennan dag var símanotkun nemenda á skólatíma. Sú ákvörðun var tekin að nemendur í 1. – 7. bekk eigi að geyma símana í töskunni sinni á skólatíma. Þetta á við um:

- Í kennslustundum
- Í frímínútum
- Í íþróttum
- Í sundrúttunni
- Í matsalnum



Símar eru einungis leyfðir undir eftirliti/ með leyfi kennara til stuðnings við nám á skólatíma. Við óskum eftir samstarfi við ykkur foreldrar vegna þessa átaks og munum hafa samband heim ef erfiðleikar koma upp við að fylgja þessum reglum eftir – og fara þá fram á að síminn verði sóttur af foreldrum. Þetta er okkar leið til að kenna nemendum að nota símana sína á ábyrgan hátt. Með von um gott samstarf.

## Gjaldskrárbreytingar — Frístund


Frá og með áramótum hækkar gjaldskrá Frístundar. Fast mánaðargjald í Frístund er 7.360.- (20 klst). Hver klukkustund umfram það kostar kr. 368. Síðdegishressing kostar 135 kr.

Sjá nánar á [http://www.akureyri.is/static/files/01\\_akureyri.is/pdf/Gjaldskrar2017/verdiskra-fristund-og-skolamaltidir-1.-jan2017.pdf](http://www.akureyri.is/static/files/01_akureyri.is/pdf/Gjaldskrar2017/verdiskra-fristund-og-skolamaltidir-1.-jan2017.pdf)

**ATH:** Gengið er út frá því að þeir sem voru í annaraáskrift í mötuneyti, ávaxta- og mólkuráskrift á haustönninni munu halda því áfram á vorönn. Við munum innheimta þau gjöld í byrjun febrúar þannig að ef um einhverjar breytingar er að ræða þarf að tilkynna þær sem allra fyrst eða fyrir 20. janúar.

## Er jólalús á ferðinni???

Það er afskaplega góður siður svona eftir frí að kíkja í hár barnanna og athuga hvort þær sé nokkuð að finna einhver óvelkomin kvikindi. Oftar en ekki koma slík mál upp í skólanum að loknum fríum og því langbest ef hægt er að finna dýrin áður en þau ná að dreifa sér um í margmenninu í skólanum!!





## Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

# Janúar 2017

Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	
1.	2. Starfsdagur Frístund opin	3.	4. Fiskibollur, kartöflur, heit tómatsósa og salatbar Ávextir	5. Grænmetislasagna, hýðish- rísgrjón og gúrka Ávextir	6. Áspassúpa, brauð og salat- bar Ávextir	7.
8.	9. Svikinn héri, kartöflur, brún sósa, grænar baunir og gúrka Ávextir	10. Öfnbakaður fiskur í hvítlaukssósu, hrísgrjón og salatbar Ávextir	11. Lambasteik, kartöflur, salat og brún sósa Ávextir	12. Fiskipottréttur, kúskús og salatbar Ávextir	13. Nautagúllas, hrísgrjón og tómatsalat Ávextir	14.
15.	16. Fiskubúdingur, kartöflur, karrýsósa og salat Ávextir	17. Íslensk kjötsúpa og salat- bar Ávextir	18. Spínatbuff, hrísgrjón, gúrka og sólskinsdressing Ávextir	19. Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti, tómatsósa og salatbar Ávextir	20. Starfsdagur	21.
22.	23. Hrísgrjónagrautur og slátur Ávextir	24. Hakkréttur, kartöflustappa og gúrka Ávextir	25. Fiskur í raspi, bygg, salatbar og jógúrtsósa Ávextir	26. Nautakjöttstortillur Ávextir	27. Grænmetissúpa, brauð og salatbar Ávextir	28.
29.	30. Lasagna, hvítlauksbrauð og salat Ávextir	31. Soðinn fiskur, kartöflur, gulrætur, lauksmjör og salatbar Ávextir				

**Minum á starfsdaginn 20. september  
þá er enginn skóli. Frístund er opin!**

**Viðtalsdagur verða 23.— 24. janúar.  
Foreldrar geta skráð sig í viðtöl á  
Mentor frá og með 13. janúar. Ætlast er til  
þess að nemendur mæti í viðtölin með  
foreldrum sínum.**